



## Íslenzkur lampi á sýningu í Höfn

Handlampi Jóhannesar Pálsónar, sem að hluta til er framleiddur hjá Bjallaplasi á Hvolsvelli og að hluta í Danmörku, var nýlega sýndur á alþjóðlegri vörusýningu í Bella Center í Kaupmannahöfn. Vakti lampinn, sem er úr plasti mikla athygli á sýningunni og sýndu margir hugsanlegir kaupendur honum áhuga. Að sögn Jóhannesar hefur lampinn hlotið viðurkenningu rafmagnseftirlits í Danmörku og Noregi, en unnið er að því að fá viðurkenningu í öðrum löndum, sem nauðsynlegar eru þó að alþjóðleg viðurkenning hafi þegar fengist. Á næstu mánuðum verða framleiddir um 10 þúsund lampar á mánuði, sem aðallega verða seldir í Danmörku og Noregi. En séð er fram á mikla eftirspurnaraukningu. Kúpull lampans er gerður hjá Bjallaplasi en aðrir hlutar hjá Belysnings agenturet í

Kaupmannahöfn. Myndin er úr sýningarbásnum í Bella Center, en litla myndin sýnir auglýsingu, sem gerð hefur verið um lampann.



## Atvinnuleysi og samdráttur auka verðbólgu

Í skýrslu, sem unnin var fyrir efnahagsmálanefnd bandarísku fulltrúadeildarinnar og birt var í gær, er komið að þeirri niðurstöðu að atvinnuleysi og samdráttarstefna ali á verðbólgu í stað þess að lækna hana. Það eru prófessorarnir Howard Wachtel og Peter D. Adelsheim við American University, sem komast að þessari niðurstöðu eftir athuganir sínar á verðhækkunum á fimm samdráttartímabilum á árunum 1947 til 1970. Segja höfundarnir að sér í lagi í iðngreinum, þar sem eru fáir eða stórir framleiðendur sé tilhneiging til að hækka verð þegar dregur úr sölu til að viðhalda hagnaði. Þetta brýtur í bága við þær hagfræðikenningar, sem nú er mest flaggð, sem segja að til að vinna bug á verðbólgu verði að draga úr atvinnu til að minnka eftirspurn. Mæla tvímenningarnir með eftirliti á verð-

lagningu atvinnugreina, sem hafa mikil áhrif á almennt verðlag.

## Góð nýting á Concorde

GÓÐ sætanýting hefur verið í flugi Air France og British Airways með hljóðfráu farþegaflugvélinni Concorde. Meðalsætanýting í Concorde-vólum Air France hefur verið 65,3%, sem er heldur betra en í öðrum flugvélum félagsins. Gjöfulust félaginu er leiðin Paris-Washington og ófugt þar sem meðalsætanýting hefur verið 84% borið saman við 90% hjá British Airways á milli London og Washington. Sætanýting Frakkanna á milli Parísar og Rio de Janeiro hefur verið 64,1% en 34,8% til Caracas. British Airways hefur haft 45% sætanýtingu á milli London og Bahrain.



Málningaverksmiðja Slippfélagsins, Dugguvogi 4.

## Málningarverksmiðja Slippfélagsins 25 ára

UM þessar mundir eru 25 ár síðan Slippfélagið í Reykjavík h.f. hóf málningarframleiðslu. Á þessum tíma hefur málningarverksmiðja Slippfélagsins framleitt málningarvörur með einkaleyfi frá dönsku HEMPELS-verksmiðjunum og síðar einnig ensku VITRATEX-verksmiðjunum og framleiðslan aukist jafnt og þétt ár frá ári.

Slippfélagið hafði haft einkumboð fyrir HEMPELS-málningavörur allt frá árinu 1932, en það var ekki fyrr en í nóvembermánuði 1951 að fyrirtækið hóf sjálft framleiðslu og

var verksmiðjan upphaflega til húsa í gamalli byggingu á athafnasvæði Slippfélagsins við Mýrargötu, þar sem eitt sinn var Skipasmíðastöð Magnúsar Guðmundssonar.

Eftir því sem framleiðslan hlóð utan á sig og fjöldi og fjölbreytni tegunda jókst, varð húsnæði verksmiðjunnar ófullnægjandi og árið 1970 flytzt starfssemin í nýja verksmiðjubyggingu við Dugguvog. Er verksmiðjan 2000 fermetrar að flatarmáli og 9100 rúmmetrar. Nýjar vélar hafa verið keyptar og aðstaðan öll hin besta.

Fyrsta árið voru aðeins fram-

leiddar tvær tegundir af málningu, en nú eru framleiðslutegundirnar orðnar um 50 talsins, þar á meðal 7 tegundir af botnmálningu og 7 tegundir af ryðvarnargrunnum, -klórkársjúk- og epoxytegundir, alkýd- og olíumálning, skipalökk og þakmálning, plastmálning utan húss og innan o.fl. o.fl. Á síðastliðnu ári hóf verksmiðjan framleiðslu á CUPRINOL-fúavarnarefnum í ýmsum litum. Velta verksmiðjunnar er 300. milljónir á ári. Yfir sumarmánuðina starfa um 17 manns hjá verksmiðjunni en yfir vetrarmánuðina 10 manns.

## Hártoppar

BLAÐINU hefur borizt eftirfarandi frá fyrirtækinu Mandeville of London:

Það olli furðu okkar að lesa í Morgunblaðinu 18. september 1976 áskanir Vilhelms Ingólfssonar í garð þessa fyrirtækis. Við förum því fram á að þér leiðréttið okkar hlut, með því að birta svar okkar við þessum óréttmætu ásköpunum.

Stefna okkar hefur ávallt verið sú að selja góða vöru á góðu verði, en umfram allt að veita góða þjónustu.

Að selja hártoppa án slíkrar þjónustu er eins og að selja bíl án viðgerðarþjónustu.

Þess vegna fara (sérfræðingar) fulltrúar fyrirtækisins til Íslands fjórum sinnum á ári og leiðbeina viðskiptavinum okkar. Þessir menn eru sérfræðingar á sínu sviði.

Þetta er eina fyrirtækið sem veitir slíka þjónustu.

Vilhelm Ingólfsson segir að þurft hafi að senda út til viðgerða 50% af Mandeville hártoppum innan 6 mánaða og 90% innan árs. Þetta er ósatt. Skrár okkar sýna að aðeins 9% voru endursendar innan 6 mánaða og 34% innan árs. Þetta er þrátt fyrir það að við mælum með að allir hártoppur séu sendir út til athugunar og eftirlits fyrsta árið til að tryggja að þeir séu í fullkomnu lagi (árs ábyrgð er á þeim).

Um afgreiðslu hártoppanna til Vilhelms Ingólfssonar er þetta að segja. 94% þeirra voru afgreiddir innan 3 mánaða og lengsti afgreiðslufrestur var 3 mánuðir og 18 dagar.

Á þessum tíma var afgreiðslufrestur fyrirtækisins í Bretlandi 10 — 14 vikur og íslenskir við-

skiptavinir okkar nutu því oft skjóttari fyrirgreiðslu en breskir.

Þessi afgreiðslufrestur getur ekki talist langur á algerlega handunninni vöru eins og hártoppur okkar eru.

Okkur er því óskiljanlegt hvernig Vilhelm Ingólfsson getur haldið því fram að þöntun hafi tekið 14 mánuði.

Við seljum margar gerðir hártoppa. Þær ódýrustu kosta svipað og þær sem Vilhelm selur.

Við erum algerlega sammála því sem fulltrúi okkar Ian Fyfe sagði í grein í Morgunblaðinu 14. september 1976. Við viljum samt ítreka stuttlega tækniatriði sem þar var rætt um.

Í fyrsta lagi skal bent á það að hártoppur endist aðeins jafnlengi og botninn sem hann er gerður á. Netbotnar þurfa ekki að hlaupa né hárið að losna við þvott. Þetta má fyrirbyggja með því að þvo úr sérstökum efnum.

Í öðru lagi upplitast allt hár í sólskini. Þetta á einkum við um skollitað hár, sér í lagi ljós skollitað og veldur þetta því sérstökum erfiðleikum við hárlitun á Norðurlöndum. Að sjálfsgöðu er þetta til lítilla vandæða í lifandi hári þar sem upplitaða hárið er jafnóðum klippt burt. Við staðhæfum að Mandeville hártoppur haldi lit sínum jafnlengi og hverjir aðrir hártoppur gerðir úr ekta hári.

Toppur úr nælonhári halda ef til vill lit sínum lengur en gallinn á þeim er sá að þeir lita ekki eðlilega út. Þurfi að lita hár hafa í rannsóknarstofum okkar verið prófaðar aðferðir sem gefa í engu eftir því sem best gerist í heiminum.

Að síðustu, við erum algerlega sammála Vilhelm Ingólfssyni um að það sé áriðandi að leiða íslenska kaupendur í allan sannleikann. Við verðum samt að láta lesendum yðar eftir að ákveða hvaða ástæður hann hafi fyrir að ráðast á okkur.

Við metum viðskipti okkar við Íslendinga mikils og höfum góð samskipti við viðskiptavinum okkar og umboðsmenn þar. Við þökkum því fyrir tækifærið sem þér hafið gefið okkur til að svara fyrir okkur.

Virðingarfyllt,  
John D. Clifton  
Alþjóðlegur sölustjóri.

## Sýning Veturliða

Í laugardagsblaði Morgunblaðsins 20. þ.m. birtist ágæt grein Braga Aseigrssonar listmalara um hina stóru sýningu Veturliða Gunnarssonar að Kjarvalsstöðum, þar sem listamaðurinn sýnir um 140 myndir.

Það er ánægjulegt að lesa slíka jákvæða umsögn um myndlist.

Eg er sammála Braga þegar hann fer högvörum áskunarorðum um þá ákvörðun listráðs Kjarvalsstaða að neita Veturliða um báða sali Kjarvalsstaða vegna yfirlitssýningar í tilefni af fimmtugsafmæli listamannsins. Þarna var bæði illa og heimskulega að verki staðið. En við herju má ekki búast af hinni furðulegu nýskipan um stjórn Kjarvalsstaða?

Veturliði er óumdeildur sem einn allra athafnamesti myndlistarmáður landsins. Hann er sívinnandi og sköpunargleði hans er ótrúlega mikil og fádæma frjó. Ásamt Jóhannesi Geir er Veturliði tvímælalaust einn af okkar allra bestu pastelmálurum. Eg nefni sem dæmi hárfinar myndir

af beituskúrnum undir bakkannum á Húsavík, nr. 5, 6, 7, 15 og 27, Móskaðshnjúka nr. 13 auk fjölmargra stærri pastelmynda, magnaðar í krafti og uppbyggingu. Frábærar vatnslitamyndir eru einnig á þessari miklu sýningu. Olíumálverkin eiga þó stærsta hluta sýningarinnar, ýmist kyngimagnaðar, hyldjúpar og þó oft mildar og nærgætnislegar. Þannig lýsa þær fjölskrúðugri skapgerð þessa þessa hrifnæma listamanns.

Leitt er til þess að vita hvað hin umhlepingsama veðráttá síðustu viku mun hafa haft áhrif á aðsóknina að sýningu Veturliða, þó fjölmenni hafi oft verið á sýningunni.

Nú eru síðustu forvöð að skoða þessa sérstæðu sýningu, og vil ég hvetja alla til þess, sem enn hafa ekki séð sýningu Veturliða, því að varla er hægt að búast við því að „einvaldarnir“ að Kjarvalsstöðum leyfi Veturliða að framlengja sýningartímann, þótt slíkt væri bæði skynsamlegt og vel þegið.

J.V. Hafstein.